

Sara Ólöf Árnadóttir með undirskriftalistann í hönd. Mynd/aðsend

Kalla eftir fagmennsku við ráðningar á Landspítala

240 lækningar kalla eftir úrbótum í ráðningum við Landspítala. Ólöf Sara Árnadóttir lækni var ein þeirra sem stóð fyrir undirskriftunum: „Ef Háskólasjúkrahúsið getur gengið framhjá hæfari umsækjanda menntunarlega séð hvar erum við þá stödd?“

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

240 lækningar hafa biðlað til heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir breyttu vinnulagi við ráðningarferla sérfræðilækna á Landspítala. Læknarnir segja ósættanlegt að sérfræðilæknar geti ekki vænst þess að umsóknir þeirra fái faglega umfjöllun óháðra aðila við ráðningar á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

„Við krefjumst úrbóta nú þegar,“ segir í yfirlýsingu læknanna. Landspítalinn hefur gripið til þess ráðs að ráða lækinn sem kærði. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir á mbl.is að á svo stórum vinnustað fari einstaka sinum eitthvað úrskaiðis og í þessu tilfelli hafi réttu verklagi ekki verið fylgt. Mannauðsmál séu í hæsta forgangi í starfsemi.

Undirskriftum læknanna var safnað í hópi þeirra á Facebook í kjölfar úrskurðar Kæruneftndar jafnréttismála þann 19. september 2018. Nefndin tekur að jafnréttislög hafi verið brotin þegar ráðið var í stöðu sérfræðings í meltingarlækningum í febrúar á þessu ári.

Tvær umsóknir bárust sem báðar fengu umfjöllun stöðunefndar lækna ráðs Landspítala og taldi Kæruneftndin gengið framhjá konunni sem sótti um. Hún hafi staðið mun framar þeim er ráðinn var hvað varðar alla þá þætti er áskildir voru í auglýsingu. Landspítalinn taldi hins vegar að karlinn hefði staðið sig betur í starfsviðtali. Kæruneftndin telur að nefndin hafi ekki farið eftir reglum sem um hana gildi.

Læknarnir telja að úrskurður Kæruneftndarinnar hafi „verulega skaðleg

áhrif á ímynd Landspítala sem háskólasjúkrahúss.“ Hann muni hafa áhrif á áhuga lækna til að sækja um störf hér á landi.

Ólöf Sara Árnadóttir, handa- og skurðlækni, afhenti undirskriftirnar skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu sem lofaði að koma skilaboðunum áleiðis til forstjóra Landspítala. Hún segir þetta mál ekki það fyrsta þar sem litið sé framhjá menntun við ráðningu á spítalann. Þau mál hafi hins vegar ekki komið til kasta kæruneftndarinnar.

„Sögulega séð virðist heldur halla á konur. En þetta er ekki kynjaparátta heldur er Landspítali eini vinnustaðurinn og því gengur ekki að menntun sé ekki forsenda starfs,“ segir hún.

„Það er óskiljanlegt hvernig hægt er að ganga framhjá miklu hæfari umsækjenda. Við erum að benda á þetta mál svo skerpt verði á reglunum og meira gagnsæi viðhaft,“ segir hún og að hæfni verði að ráða för við ráðningar.

„Alvarlegast finnst okkur að menntun virðist ekki metin til starfs,“ segir hún. „Ef Háskólasjúkrahúsið getur gengið framhjá hæfari umsækjanda menntunarlega séð hvar erum við þá stödd?“

Afrit af undirskriftalistanum voru jafnframt send forstjóra Landspítala, lækna ráði Landspítala og stjórn Læknafélags Íslands.



„Sögulega séð virðist heldur halla á konur. En þetta er ekki kynjaparátta heldur er Landspítalinn eini vinnustaðurinn og því gengur ekki að menntun sé ekki forsenda starfs.“